

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. maí 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum (upprunatengdir ostar, móðurmjólk), 581. mál**

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, SMK, fengu til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, 581. mál, sem í grunninn fjallar um tvö afar ólík mál. Samtökin gera engar athugasemdir við þá tillögu að fella niður tolla af innfluttri móðurmjólk handa fyrirburum en mótmæla hinsvegar harðlega þeim hluta frumvarpsins sem snýr að auknum innflutningsheimildum á ostum.


Ljóst er að með frumvarpi þessu er verið að leggja til umtalsverða breytingu á starfsumhverfi framleiðslufyrirtækja sem starfa í ostaframleiðslu enda er verið að afnema umsaminn aðlögunarfrest í samningi Íslands við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur. Í stað þess að heildaraukning á tollkvótum, sem er umtalsverð, verði náð á fjórum árum er verið að leggja til að heildaraukningin taki gildi strax. Ekkert mat hefur verið lagt á áhrif þessara breytinga á íslensk framleiðslufyrirtæki.

SMK, lögðust á sínum tíma gegn því að samningur Íslands og Evrópusambandsins um viðskipti með landbúnaðarvörur verði staðfestur á þeirri forsendu að samningurinn myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á framleiðslu og vinnslu mjólkur- og kjötafurða. Sú afstaða hefur ekki breyst. Augljóst er að stórauðinn innflutningur á ostum, hvort sem um er að ræða upprunatengda osta eða aðra, hefur áhrif á sölu innlendra osta og þar með samkeppnishæfni íslenskra framleiðslufyrirtækja. Í samningi Íslands við ESB taka auknir tollkvótar gildi í áföngum á fjórum árum til að gefa íslenskum framleiðendum tíma til aðlögunar. Verði þetta frumvarp óbreytt að lögum er þeirri aðlögun kippt út fyrirvaralaust með tilheyrandi skerðingu á samkeppnishæfni. Því mótmæla SMK. Ekkert samráð var haft við hagsmunaaðila við gerð upprunalega samningsins, né heldur við samningu þessa frumvarps. SMK átelja þau vinnubrögð stjórnvalda að ætla einhliða að ganga lengra en samningur við ESB gerir ráð fyrir, án nokkurs samráðs við þá sem eiga hagsmuna að gæta.

SMK leggja því til að 1. gr. frumvarpsins verði felld niður.

Jafnframt gera SMK þá kröfu að tollkvóti fyrir upprunatengda osta verði boðinn upp á sama hátt og tollkvótar fyrir aðrar landbúnaðarvörur, þ.e.a.s. ekki sjaldnar en tvisvar á ári.

Virðingarfyllt,  
F.h. Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja,



Eggert Árni Gíslason, formaður